

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008
gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Hreiðari Má Sigurðssyni, kt. 191170-5719, með lögheimili í Lúxemborg,
Guðnýju Örnú Sveinsdóttur, kt. 090266-3069, með lögheimili í Sviss,
Magnúsi Guðmundssyni, kt. 110470-4019, með lögheimili í Lúxemborg og
Skúla Þorvaldssyni, kt. 070341-3799, með lögheimili í Lúxemborg,
fyrir brot gegn almennum hegningarlögum

og jafnframt á hendur eftirtöldum félögum til upptöku:

Marple Holding S.A. SPF, með lögheimili í Lúxemborg,
BM Trust S.A. SPF, með lögheimili í Lúxemborg,
Holt Holding S.A., með lögheimili í Lúxemborg,
SKLux S.A., með lögheimili í Lúxemborg og
Legatum Ltd., með lögheimili á Möltu.

I

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík, kt. 560882-0419 og Guðnýju Örnú, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf. aðallega fyrir fjárdrátt og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A., 35a, avenue J.-F.Kennedy Luxembourg, kt. 440598-9009, aðallega fyrir hlutdeild í fjárdrátti, með því að ákærða Guðný Arna létt, að undirlagi ákærða Hreiðars Már og í samráði við ákærða Magnús, millifæra 19. desember 2007, 3.016.750.000 krónur af reikningi Kaupþings banka hf., nr. 300-26-1010, inn á reikning Kaupthing Bank Luxembourg S.A., nr. 301-27-32342, hjá Kaupþingi banka hf., en að undirlagi ákærða Magnúsar var sama fjárhæð færð 28. desember 2007, með gildisdag 19. desember 2007, inn á reikning Marple Holding S.A. SPF nr. 400637 hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Með þessum hætti drógu ákærðu í sameiningu Marple Holding S.A. SPF umrædda fjármuni Kaupþings banka hf. Fjármunafærslan frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. SPF var einhliða og ekki liður í lögmætum viðskiptum eða samningum milli félagsins og Kaupþings banka hf. eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.

Til vara á hendur ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnú fyrir umboðssvik og ákærða Magnúsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum með því að þau Hreiðar Már og Guðný Arna, misnotuðu aðstöðu sína, með framangreindri háttsemi, í samráði og samvinnu við ákærða Magnús, þannig að tjón hlaust af fyrir Kaupþing banka hf.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu, með því að hafa haldið ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning

félagsins Marple Holding S.A. SPF og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinningi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautabraudvara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningaþvætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávininginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, taka þátt í ávinningnum af auðgunarbrotum meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda við hinu ólögmæta fjártjóni Kaupþings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningaþvætti, með því að hafa, sem eini eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbrotum, sem meðákærðu eru gefin að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

II

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf. og Guðnýju Örnu, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf. aðallega fyrir fjárdrátt og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A., aðallega fyrir hlutdeild í fjárdrátti, með því að ákærða Guðný Arna létt, að undirlagi ákærða Hreiðars Más og í samráði við ákærða Magnús, millifæra, 30. júní 2008, 3.080.250.000 krónur af reikningi Kaupþings banka hf., nr. 300-26-1010, inn á reikning Kaupþing Bank Luxembourg S.A. nr. 329-26-454080 hjá Arion verðbréfavörslu hf., dótturfélagi Kaupþings banka hf., en að undirlagi ákærða Magnúsar var sama fjárhæð færð 1. júlí 2008, með gildisdag 2. júlí 2008, inn á reikning Marple Holding S.A. SPF nr. 400637 hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Með þessum hætti drógu ákærðu í sameiningu Marple Holding S.A. SPF umrædda fjármuni Kaupþings banka hf., en félagið var þá í eigu ákærða Skúla. Fjármunafærslan frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. SPF var einhliða og ekki liður í lögmætum viðskiptum eða samningum milli félagsins og Kaupþings banka hf. eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.

Til vara á hendur ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnu fyrir umboðssvik og ákærða Magnúsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum með því að þau Hreiðar Már og Guðný Arna, misnotuðu aðstöðu sína með framangreindri háttsemi, í samráði og samvinnu við ákærða Magnús, þannig að tjón hlaust af fyrir Kaupþing banka hf.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu, með því að hafa haldið ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning félagsins Marple Holding S.A. SPF og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinningi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautaþrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningaþvætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinninginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, taka þátt í ávinningnum af auðgunarbrotum meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda yið hinu ólögmæta fjártjóni Kaupþings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningaþvætti, með því að hafa, sem eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbrotum, sem meðákærðu eru gefin að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

III

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf. og Guðnýju Örnu, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf. fyrir umboðssvik og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A. aðallega fyrir hlutdeild í umboðssvikum er ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna misnotuðu aðstöðu sína, með því að ákærða Guðný Arna lét, að undirlagi ákærðu Hreiðars Más og Magnúsar, Kaupþing banka hf. kaupa, 20. maí 2008, skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. í sjö skuldabréfaflokkum og tveimur gjaldmiðlum af Marple Holding S.A. SPF, á nafnverði bréfanna að viðbættum áföllnum vöxtum, samtals 57.482.596 evrur og 45.378.883 Bandaríkjadalí, sem var langt yfir markaðsverði skuldabréfanna og ollu Kaupþingi hf. með því fjártjóni. Uppgjörsdagur viðskiptanna var 21. maí 2008.

Nánar tiltekið hafði ákærði Magnús, að undirlagi ákærða Hreiðars Más, látið Kaupthing Bank Luxembourg S.A. kaupa þessi sömu skuldabréf á markaði með miklum afföllum í apríl og maí 2008 og síðan látið Kaupthing Bank Luxembourg S.A. selja skuldabréfin til Marple Holding S.A. SPF á tímabilinu frá 16. apríl til 20. maí 2008 á sama verði og þau voru keypt, það er 41.719.280 evrur og 41.724.378 Bandaríkjadalí.

Með þessum hætti komu ákærðu því í kring að mismunurinn á því verði sem Kaupþing banki hf. greiddi fyrir skuldabréfin og því verði sem Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafði keypt og síðan selt skuldabréfin á, að frádregnum 0,2% kostnaði, það er 15.648.351 evra og 3.563.748 Bandaríkjadalir eða samtals 2.071.868.691 króna, miðað við miðgengi umræddra gjaldmiðla 20. maí 2008, varð efstir hjá Marple Holding S.A. SPF. Hvorki lágu lögmætar viðskiptalegar forsendur að baki því að Kaupþing banki hf. keypti skuldabréfin á verði langt yfir markaðsverði né að Marple Holding S.A. SPF var milliliður í viðskiptunum, en þar með hagnaðist félagið með óréttmætum og ólögmætum hætti á kostnað Kaupþings banka hf.

Tjón Kauphings banka hf. nam að minnsta kosti muninum á því verði sem Kauphing banki hf. greiddi fyrir skuldabréfin 20. maí 2008 og markaðsverði skuldabréfanna þann dag, að teknu tilliti til áfallinna vaxta, eða 12.814.019 evrum og 5.143.300 Bandaríkjadölum, og ætluðum 0,2% kostnaði eða jafngildi 1.840.862.224 króna miðað við miðgengi umræddra gjaldmiðla 20. maí 2008.

Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um nafnverð, kaupverð, markaðsverð, ávinnung og tjón hvað varðar einstaka skuldabréfaflokka.

Skuldabréfaflokkar	Gjaldmiðill	Dags kaupa Marple	Nafnverð skuldbréfanna	Kaupverð K-Lux og Marple	Kaupverð Kauphings hf. 20. maí	Fært á reikning Marple/ Sölouverð að frádr. Kostnaði	Mism. á kaupverði Kauphings hf. og kaupverði Marple að frádr. kostnaði	Markaðsverð skuldbréfa m.v. gengi 20/5 2008 auk vaxta	Mism. á kaupverði Kauphings hf. og markaðsverði m.v. 20/5 2008 auk vaxta
XS0194859277	EUR	16.4.2008 - 19.5.2008	29.334.000	19.535.138	30.875.819	30.814.067	11.278.929	22.103.897	8.771.922
XS0219823266	EUR	20.5.2008	7.500.000	6.629.480	7.581.037	7.565.875	936.395	6.737.422	843.615
XS0226781242	EUR	20.5.2008	13.500.000	10.778.058	13.503.795	13.476.787	2.698.729	11.278.995	2.224.800
XS0283601341	EUR	20.5.2008	5.500.000	4.776.604	5.521.945	5.510.901	734.297	4.548.264	973.682
Samtals	EUR		55.834.000	41.719.280	57.482.596	57.367.631	15.648.351	44.668.577	12.814.019
US48632GAA76	USD	20.5.2008	14.347.000	13.094.201	14.454.702	14.425.793	1.331.592	1.360.501	2.528.659
US48632GAC33	USD	20.5.2008	26.700.000	24.802.091	26.791.131	26.737.548	1.935.457	1.989.040	2.286.321
XS0206352824	USD	20.5.2008	4.104.000	3.828.086	4.133.050	4.124.784	296.698	304.964	328.320
Samtals	USD		45.131.000	41.724.378	45.378.883	45.288.125	3.563.747	3.654.505	5.143.300

Til vara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu, með því að hafa haldið ólöglega mismuninum sem varð eftir hjá Marple Holding S.A. SPF frá Kauphingi banka hf. og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinnungi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningaþvætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinnunginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega mismuninum sem varð eftir hjá Marple Holding S.A. SPF frá Kauphingi banka hf., taka þátt í ávinningnum af auðgunarbroti meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda við hinu ólögmæta fjártíóni Kauphings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningaþvætti, með því að hafa, sem eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinnung af auðgunarbroti, sem meðákærðu er gefið að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

IV

Teljast brot ákærðu Hreiðars Más og Guðnýjar Örnú samkvæmt a-lið I. kafla og a-lið II. kafla ákæru aðallega varða við 247. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 en til vara við 249. gr. sömu laga. Brot ákærða Magnúsar samkvæmt a-lið I. kafla og a-lið II. kafla ákæru teljast aðallega varða við 247. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., til vara við 249., sbr. 1. mgr. 22. gr., til þrautavara við 254. gr. en til þrautaþrautavara við 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Brot ákærðu Hreiðars Más og Guðnýjar Örnú samkvæmt a-lið III. kafla ákæru telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Brot ákærða Magnúsar samkvæmt a-lið III. kafla ákæru telst aðallega varða við 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., til vara við 254. gr. en til þrautavara við 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Brot ákærða Skúla samkvæmt b-liðum I., II. og III. kafla ákæru teljast aðallega varða við 254. gr. en til vara við 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

V

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til reffsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þess er krafist, með vísan til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. þágildandi upptökuákvæða laganna, að ákærða Skúla og eftirfarandi félögum í hans eigu verði gert að sæta upptöku á eftirfarandi innstæðum og eignasöfnum á reikningum í Banque Havilland S.A. og Credit Suisse Luxembourg S.A. sem kyrrsettu/haldlögd voru í Luxemborg að beiðni embættis sérstaks saksóknara 3. júní 2011. Á kyrrsetningar/haldlagningardagi var virði eignanna 44.310.395 evrur, sem samsvarar 6.849.057.755 krónur á gengi evru 16. júní 2014, en virði eignanna var 46.749.907 evrur, sem samsvarar 7.226.133.125 krónur þegar eignirnar voru síðast virtar, miðað við sama gengi. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar hinna kyrrsettu/haldlögdú verðmæta frá kyrrsetningar/haldlagningardagi, til upptökudags.

Aðili	Reikningur	Eignir	Virði á haldl.d. 3.6.2011 í EUR	Síðast virt	Virði í EUR þegar síðast virt
Marple Holding S.A. SPF	400637 Havilland	Verðbréf, fjárfestingarsjóður og innstæða á hlaupareikningi	6.763.253 EUR	3.6.2011	6.763.253 EUR
Skúli Þorvaldsson	0947-693105-2 (81636) CS	Innstæða á hlaupareikningi	228.726 EUR	7.5.2013	230.171 EUR
Legatum Ltd	0947-211345-2 (81814) CS	Innstæður á hlaupa- og verðbréfareikningi	22.253.476 EUR	9.4.2014	24.064.119 EUR
BM Trust S.A. SPF	0947-579598-8 (81659) CS	Innstæður á hlaupa- og verðbréfareikningi	13.909.461 EUR	9.4.2014	14.597.563 EUR
Holt Holding S.A.	0947-512821-3 (81643) CS	Innstæður á hlaupa- og verðbréfareikningi	1.145.978 EUR	9.4.2014	1.084.958 EUR
SKLux S.A.	0947-479162-8 (81590) CS	Innstæða á hlaupareikningi	9.501 EUR	9.4.2014	9.843 EUR
Samtals:			44.310.395 EUR		46.749.907 EUR
EUR/kr. @ 154,57 kr. 16.6.2014			6.849.057.755 kr.		7.226.133.125 kr.

VI

Af hálfu Kaupþings hf., kt. 560882-0419, eru gerðar eftirfarandi kröfur:

- 1) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 3.016.750.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2007 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.
- 2) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 3.080.250.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. júní 2008 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.
- 3) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 15.648.350,78 evrur og 3.563.747,55 Bandaríkjadalí ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. maí 2008 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags

Til vara í öllum tilvikum er krafist greiðslu skaðabóta að álitum.

Til þrautavara í öllum tilvikum er krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu.

Loks er þess krafist að öllum fjórum ákærðu verði gert að greiða Kaupþingi hf. málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til áhrifa virðisaukaskatts.

Röksemadir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Almennt um sakarefnin

Ákærði Hreiðar Már var forstjóri Kaupþings banka hf. (hér eftir Kaupþing hf.) og ákærða Guðný Arna var fjármálastjóri Kaupþings hf. á þeim tíma sem háttsemin sem ákært er fyrir átti sér stað en ákærði Magnús var á þeim tíma framkvæmdastjóri Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (hér eftir Kaupþing Lúxemborg).

Ákærði Skúli Þorvaldsson hefur um árabil verið umsvifamikill fjárfestir hér á landi og í Lúxemborg. Marple Holding S.A. SPF (hér eftir Marple) var eitt af mörgum félögum í eigu ákærða Skúla í Lúxemborg sem notuð voru í ýmiss konar fjármálaumsvifum hans sem ákærði Magnús og Kaupþing Lúxemborg höfðu umsjón með. Ákærði Skúli eignaðist félagið 20. júní 2007 en félagaforminu var breytt skömmu síðar úr S.A. í S.A. SPF. Félagið var skráð með aðsetur í höfuðstöðvum Kaupþings Lúxemborg og í stjórnum þess voru þrjú félög en í stjórnum þeirra félaga sátu starfsmenn Kaupþings Lúxemborg og sáu þeir starfsmenn um að undirrita skjöl fyrir Marple. Ákærði Magnús hafði umsjón með Marple og annaðist fjárfestingar og fjársýslu fyrir hönd félagsins. Kaupþing Lúxemborg lánaði félaginu verulega fjármuni, m.a. í formi yfirdráttarlána. Kaupþing hf. veitti Kaupþingi Lúxemborg 50 milljóna evra ábyrgð í janúar 2008, vegna skuldbindinga Marple gagnvart Kaupþingi Lúxemborg, en sú ábyrgð var hækkuð í 140 milljón evrur í ágúst 2008. Þessi ábyrgð féll á Kaupþing hf. í október 2008.

Sú háttsemi sem ákærðu Hreiðari Má, Guðnýju Örnu og Magnúsi er gefin að sök í ákærunni miðaði öll að því að færa fjármuni, um 8 milljarða króna, úr sjóðum Kaupþings hf. til Marple án þess að lögmætar viðskiptalegar ástæður lægju þar að baki og bæta með því fjárhagsstöðu Marple. Í öllum tilvikum röskuðu ákærðu fjárskiptagrundvellinum með ólögmætri tilfærslu fjármuna frá Kaupþingi hf. til Marple og ollu ákærðu Kaupþingi hf. tjóni.

Sú háttsemi sem lýst er í köflum I og II fól í sér einhliða tilfærslu fjármuna Kaupþings hf. til Marple, sem í hvorugu tilviki var liður í lögmætum viðskiptum eða til efnanda á lögmætum samningum og án þess að viðskiptakröfur væru stofnaðar á hendur Marple í bókum Kaupþings hf. Ákærðu klæddu einhliða fjármunafærslur í búning tvíhliða viðskipta milli Kaupþings hf. og Marple og skjöl voru útbúin eftir á sem ætlað var að sýna fram á að viðskipti hefðu átt sér stað, sem Marple hefði hagnast á en Kaupþing hf. tapað á. Með þessu komu ákærðu því til leiðar að í bókum Kaupþings hf. stofnaðist ekki krafa á Marple eins og verið hefði ef fjármunirnir hefðu verið lánaðir. Þau gögn sem ákærðu útbjuggu vegna hinna tilbúnu viðskipta höfðu þann eina tilgang að leyna hinu rétta eðli fjármunafærslnanna og fela þannig auðgunarbrotin. Þrátt fyrir ítarlega leit hafa samningar, sem réttlætt gætu færslurnar, ekki fundist hjá Kaupþingi hf.

Sú háttsemi sem lýst er í kafla III fól í sér að hinn 20. maí 2008 létu ákærðu Kaupþing hf. kaupa af Marple skuldabréf útgefin af bankanum á nafnverði að viðbættri fjárhæð sem nam áföllnum en ógreiddum vöxtum. Ákærði Magnús hafði látið Kaupþing Lúxemborg kaupa þessi sömu skuldabréf á markaði með miklum afföllum í apríl og maí 2008 og síðan látið Kaupþing Lúxemborg selja Marple þessi sömu skuldabréf á sama verði og þau voru keypt, á tímabilinu 16. apríl til 20. maí 2008. Raunar keypti Marple alla skuldabréfaflokkana nema einn af Kaupþingi Lúxemborg 20. maí 2008, sama dag og Kaupþing hf. keypti öll skuldabréfin af Marple. Með því að láta Kaupþing

hf. kaupa skuldabréfin á mun hærra verði en Marple greiddi fyrir þau sköpuðu ákærðu Marple óréttmætan ávningin, en ollu Kaupþingi hf. tjóni.

Röksemadir fyrir I. kafla ákærðu:

1. Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna skipulögðu og framkvæmdu hinn refsiverða verknað í sameiningu en þátttaka þeirra í framkvæmdinni var verkskipt. Ákærði Magnús veitti liðsinni sitt og átti þátt í framkvæmdinni. Ákærði Hreiðar Már gaf ákærðu Guðnýju Örnu fyrirmæli um að láta millifæra 3.016.750.000 krónur af reikningi Kaupþings hf. 19. desember 2007 yfir á reikning Kaupþings Lúxemborg hjá Kaupþingi hf., sem hún létt gera í samráði við ákærða Magnús. Ákærða Guðný Arna létt fára fjárhæðina út af reikningi Kaupþings hf. nr. 300-26-1010 og leggja inn á reikning Kaupþings Lúxemborg nr. 301-27-32342 hjá Kaupþingi hf. Ákærða Guðný Arna fékk upplýsingar um síðar nefnda reikninginn frá starfsmanni Kaupþings Lúxemborg fyrir atbeina ákærða Magnúsar. Starfsmenn Kaupþings Lúxemborg færðu sömu fjárhæð af reikningi Kaupþings Lúxemborg inn á reikning Marple nr. 400637 hjá Kaupþingi Lúxemborg 28. desember 2007 en gildisdagur millifærslunnar var 19. desember 2007. Starfsmenn Kaupþings Lúxemborg fengu þá skýringu frá ákærða Magnúsi að millifærslan væri til komin vegna framvirks samnings. Í bankayfirlitum Marple kom skýrt fram að færslan væri samkvæmt fyrirmælum Kaupþings hf. og því ljóst að Kaupþing Lúxemborg var aðeins milliliður í að koma fjármununum frá Kaupþingi hf. til Marple. Ákærði Magnús hafði umsjón með féluginu Marple og var því nauðsynlegur hlekkur í því að fjármunir voru færðir frá Kaupþingi hf. til Marple. Ákærði Skúli tók við ávinningu brotsins sem eigandi félagsins Marple og auðgaðist þar með á ólögmætan hátt á kostnað Kaupþings hf.

Eina skjalið sem fundist hefur sem tengist millifærslunni er skjal sem fylgdi með bókun hennar í bókhaldi Kaupþings hf. en ákærða Guðný Arna ritaði upphafsstafi sína á umrætt skjal. Ákærða Guðný Arna hefur borið að allar þær upplýsingar sem koma fram á bókhaldsskjalinu hafi komið frá ákærða Hreiðari Má og/eða ákærða Magnúsi en að hún hafi væntanlega sjálf sett skjalið saman. Hvorki ákærði Hreiðar Már né ákærði Magnús hafa kannast við að Marple og Kaupþing hf. hafi átt þau viðskipti sem bókhaldsskjalið vísar til og engar glöggar skýringar gefið á tilurð þess að fjármunirnir voru millifærðir frá Kaupþingi hf. til Marple.

Skjalinu virðist hafa verið ætlað að gefa ranglega til kynna að millifærslan hefði verið vegna uppgjörs á samningi Kaupþings hf. og viðskiptavinar í Lúxemborg um sölurétt á hlutabréfum í Kaupþingi hf., sem átti að hafa verið gerður 22. október 2007. Samræmist efni skjalsins ekki þeim skýringum sem starfsmenn Kaupþings Lúxemborg fengu hjá ákærða Magnúsi þess efnis að skýring á færslunni væri framvirkur samningur. Enginn hefur gengist við að hafa gert framvirkan samning eða samning um sölurétt, hvorki fyrir hönd Kaupþings hf. né Marple og hafa slískir samningar hvorki fundist hjá Kaupþingi hf. né Kaupþingi Lúxemborg. Það að millifærslan tengist söluréttarsamningi, dagsettum 22. október 2007, samræmist heldur ekki framburði ákærðu Guðnýjar Örnu um að millifærslan 28. desember 2007 hafi verið framkvæmd á grundvelli ófrágengins samnings sem hún hafi séð hjá ákærða Hreiðari Má, þegar hann óskaði eftir því að hún framkvæmdi millifærsluna.

Þrátt fyrir ítarlega leit hefur ekkert fundist í viðskiptakerfum Kaupþings hf., þar sem viðskiptin hefðu átt að vera skráð, sem bendir til þess að samningur um sölurétt, sem

skjalið sem fylgdi bókuninni vísar til, hafi í raun verið gerður. Ekki verður séð að Kaupþing hf. hafi reynt að verja sig vegna áhættu af svo háum söluréttarsamningi. Sú staðreynð að Kaupþing hf. varði sig ekki fyrir áhættunni styður enn frekar þá niðurstöðu að slíkur samningur hafi aldrei verið gerður.

Í lánsumsókn fyrir félög ákærða Skúla, til Kaupþings Lúxemborg, frá því í nóvember 2007, þ.e. eftir að samningurinn um sölurétt átti að hafa verið gerður, er slíks samnings hvergi getið en þar er þó að finna yfirlit yfir stöðu og eignir félaga Skúla, m.a. Marple.

Alger skortur á gögnum að baki skjalinu er óræk sönnun þess að skjalið er tilbúningur einn. Í því sambandi verður að líta til þess að Kaupþing hf. var fjármálastofnun sem gera verður ráð fyrir að hefði skjalfest viðskipti af þessari stærðargráðu með einum eða öðrum hætti.

2. Um heimfærslu til refsiákvæða

2.1 Fjárdráttur

Samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.) og með hliðsjón af dómaframkvæmd er ljóst að háttsemi þarf að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði til þess að um fjárdrátt teljist vera að ræða. Gerandi, eða a.m.k. einhver gerenda ef um samverknað er að ræða, þarf að hafa vörlur fjárhagslegra verðmæta annars aðila, vörluhafi þarf að tileinka sér eða öðrum verðmætin með ólögmætum hætti og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér fjártjón.

2.1.1 Vörlur ákærðu

Ákærðu Hreiðar Már, sem forstjóri og Guðný Arna, sem fjármálastjóri, höfðu vörlur yfir fjármunum Kaupþings hf. vegna stöðu sinnar og í raun. Ákærði Hreiðar Már annaðist, samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, daglegan rekstur Kaupþings hf. og skyldi, samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laganna, sjá um að meðferð eigna félagsins væri með tryggilegum hætti. Ákærði Hreiðar Már nýtti þessa stöðu sína til þess að beina því til ákærðu Guðnýjar Örnú að hún sæi til þess að millifærslan yrði framkvæmd. Ákærða Guðný Arna gat gefið bindandi fyrirmæli um að háar upphæðir yrðu millifærðar úr sjóðum Kaupþings hf. Hún nýtti sér þessar vörlur til þess að gefa starfsmanni Kaupþings hf. fyrirmæli um millifærsluna.

Ákærði Magnús Guðmundsson var forstjóri Kaupþings Lúxemborg og hafði því ekki eiginlegar vörlur fjármuna Kaupþings hf. Hann var hins vegar hlutdeildarmaður ákærðu Hreiðars Más og Guðnýjar Örnú í fjárdráttarbrotinu, lagði á ráðin um það og létt Kaupþing Lúxemborg hafa milligöngu um að koma fjármununum inn á reikning Marple. Hann var nauðsynlegur hlekkur í verknaðarferlinu.

2.1.2 Ólögmæt tileinkun

Ólögmæt tileinkun fjárverðmæta er eitt skilyrða fjárdráttar en tileinkun telst hafa átt sér stað þegar gerandi hefur slegið eign sinni á eign eða komið eignarráðum í hendur annars í skjóli aðstöðu sinnar sem vörluhafi. Í þessu tilviki leikur enginn vafi á því að tileinkun átti sér stað þegar ákærðu sviptu Kaupþing hf. vörlum og komu eignarráðum fjármunanna til Marple án endurgjalds eða kröfu um endurgjald af nokkru tagi og án þess að lögmætur samningur lægi fjármunafærslunni til grundvallar. Talið hefur verið að tiltekin atriði gefi vísabendingu um að um ólögmæta tileinkun sé að ræða, s.s. launung, rangar yfirlýsingar eða rangfærslur skjala. Öll þessi atriði eru til staðar hvað

varðar háttsemi ákærðu samkvæmt þessum ákærulið þar sem fjárdráttarbrotinu var leynt og slóðin falin með ófullnægjandi fylgiskjali, sem var tilbúningur einn, í bókhaldi Kaupþings hf.

Fylgigögn með bókun millifærslunnar voru ekki í samræmi við 8. gr. laga um bókhald nr. 145/1994. Í ákvæðinu kemur fram að sérhver færsla í bókhaldi skuli byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja megi til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skuli fela í sér upplýsingar sem nægi til réttmæstrar skráningar í bókhaldið. Fylgiskjalið með millifærslunni í bókhaldinu fullnægði engan veginn skilyrðum 8. gr. laga um bókhald um að færslan væri byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja mætti til viðskiptanna.

2.1.3 *Fjártjón*

Gögn málsins bera með sér að með fyrnefndri yfirlit færslu á fjármunum frá Kaupþingi hf. til Marple, fyrir milligöngu Kaupþings Lúxemborg, hafi runnið rúmir 3 milljarðar króna úr sjóðum Kaupþings hf. án þess að lögmæt viðskipti eða samningsskylda lægi til grundvallar og þannig var frá hnútum gengið að ekki var gert ráð fyrir að Kaupþing hf. endurheimti fjármunina. Var færslan m.a. skýrð í bókhaldi Kaupþings hf. sem tap af viðskiptum og þannig komið í veg fyrir að bankinn ætti kröfu á hendur féluginu til endurgreiðslu fjárins. Brot ákærðu var fullframið þegar fjármunirnir voru færðir af reikningi Kaupþings hf. og nemur fjártjón bankans þeirri fjárhæð sem millifærð var úr sjóðum bankans, 3.016.750.000 krónum.

2.1.4 *Auðgunarásetningur*

Ásetningur ákærðu náði til allra þátta verknaðarlýsingar fjárdráttarbrots. Engin raunveruleg viðskipti lágu að baki fjármunafærslunni frá Kaupþingi hf. og ákærðu bjuggu þannig um hnútana að ekki var gert ráð fyrir endurheimtu fjárins. Ákærðu Hreiðari Má, Guðnýju Örnú og Magnúsi var því eða hlaut að vera ljóst á verknaðarstundu að um ólögmæta fjármunafærslu væri að ræða sem hefði í för með sér fjártjón fyrir bankann og auðgun fyrir Marple og eiganda félagsins. Var því um auðgunarásetning að ræða af þeirra hálfu.

2.2 *Umboðssvik*

Ákærðu eru gefin að sök umboðssvik til vara. Sú háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru felur ekki aðeins í sér fjárdrátt heldur einnig umboðssvik þar sem ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna misnotuðu jafnframt þá aðstöðu sem þau höfðu til að skuldbinda Kaupþing hf.

Af orðalagi umboðssvikaákvædisins í 249. gr. hgl., sem og dómaframkvæmd, er ljóst að háttsemi þarf að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði til þess að um umboðssvik teljist vera að ræða. Gerandi þarf að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, hann þarf að misnota aðstöðu sína og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér tjón eða að minnsta kosti verulega fjártjónshættu.

Ákærði Hreiðar Már var í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing hf. enda gegndi hann stöðu forstjóra og gat þannig skuldbundið félagið, sbr. 2. mgr. 22. gr. samþykkta fyrir Kaupþing hf. og 2. mgr. 74. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Ákærða Guðný Arna var einnig í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing enda gegndi hún stöðu fjármálastjóra Kaupþings hf. og var því í aðstöðu til að gefa starfsmönnum bankans fyrirmæli um fjármunafærslur.

Ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna misnotuðu aðstöðu sína með því að stuðla að því að greiddir voru úr sjóðum Kaupþings hf. verulegir fjármunir án þess að lögmætar viðskiptalegar forsendur lægju þar að baki eða að Kaupþing Lúxemborg, Marple eða aðrir ættu réttmæta kröfu til þess að Kaupþing hf. innti greiðsluna af hendi.

Í 76. gr. laga um hlutafélög segir að framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmunu á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Með háttsemi þeirri sem lýst er í I. kafla ákærunnar brutu ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna gegn skyldum sínum samkvæmt framangreindu ákvæði laga um hlutafélög.

Þótt ákærði Magnús hafi ekki verið í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing hf. átti hann engu að síður veigamikinn þátt í umboðssvikabroti Hreiðars Más og Guðnýjar og er hann því ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikunum. Ákærði Magnús var sem fyrr segir nauðsynlegur hlekkur í því að fjármunir voru færðir frá Kaupþingi hf. til Marple.

Að því er varðar fjártjón og auðgunarásetning vílast til umfjöllunar undir lið 2.1.3 og 2.1.4 hér að framan. Með vísan til þeirrar umfjöllunar var ákærðu Hreiðari Má, Guðnýju Örnu og Magnúsi ljóst eða hlaut að vera ljóst, þegar þau tóku ákvörðun um fjármunafærsluna og létu framkvæma hana, að þau væru að valda Kaupþingi hf. tjóni eða að minnsta kosti stórfelldri fjártjónshættu.

2.3 *Prautavarakrafa á hendur ákærða Magnúsi um hylmingu og þrautaþrautavarakrafa á hendur honum um peningaþvætti.*

Teljist ósannað að ákærði Magnús hafi verið hlutdeildaður í fjárdráttarbroti eða umboðssvikabroti ákærðu Hreiðars Más og Guðnýjar Örnu er honum til þrautavara gefin að sök hylming enda hafi honum verið ljóst eða hlotið að vera ljóst að tilfærsla fjármunanna frá Kaupþingi hf. til Marple fæli í sér auðgunarbrot. Nánar tiltekið hafi hann með þátttöku sinni í undirbúningi millifærslunnar, móttöku fjárhæðar inn á reikning Kaupþings Lúxemborg og millifærslu sömu fjárhæðar inn á reikning Marple, svo og varðveislu fjárhæðar tekið þátt í að halda fjármunum ólöglega fyrir Kaupþingi hf. og aðstoðað ákærða Skúla við að halda ávinningnum af auðgunarbrotinu.

Til þrautaþrautavara er Magnúsi gefið að sök peningaþvætti með því að afla Marple og eiganda félagsins, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinninginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans. Ákærða Magnúsi mátti a.m.k. vera ljóst að færsla á rúnum þremur milljörðum króna frá Kaupþingi hf. væri til komin fyrir hegningarálagabrot þar sem engin lögmæt viðskipti lágu að baki fjármunafærslunni.

2.4 *Hylming og peningaþvætti ákærða Skúla Þorvaldssonar*

Í b-lið I. kafla ákærunnar er ákærða Skúla aðallega gefin að sök hylming en til vara peningaþvætti.

Ákærða Skúla er gefin að sök hylming með því að halda ólöglega þeim fjármunum Kaupþings hf. sem millifærðir voru inn á reikning félags hans Marple, takar þátt í ávinningnum af auðgunarbroti meðákærðu og stuðla að því að halda við hinu ólögmæta fjártjóni Kaupþings hf.

Ákærða Skúla er til vara gefið að sök peningaþvætti með því að hafa, sem eigandi Marple, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbrotum, sem meðákærðu eru gefin að

sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins þar sem ávinningsnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

Ákærði Skúli hefur langa reynslu af viðskiptum og er eini eigandi Marple. Ákærðu Magnús og Skúli áttu í miklum samskiptum vegna fjármálaumsvifa ákærða Skúla en földi félaga hans var í viðskiptum hjá Kaupþingi Lúxemborg. Ákærði Magnús hafði umsjón með félagini Marple og félagið var vistað hjá Kaupþingi Lúxemborg. Ákærði Skúli undirritaði ýmis skjöl er hann tók við sem eigandi Marple á árinu 2007 og undirritaði fundargerð þar sem samþykkt var beiðni um háa lánafyrirgreiðslu frá Kaupþingi Lúxemborg, sem veitt var í febrúar 2008. Þannig er ljóst að hann fylgdist með stöðu félagsins og viðskiptum þess í stórum dráttum. Honum hlaut að vera ljóst að Marple bárust gríðarlega háar fjárhæðir úr sjóðum Kaupþings hf. án þess að lögmætar viðskiptalegar forsendur lægu þar að baki. Hlaut honum að vera ljóst að fjármunafærslan hefði falið í sér ólögmæta auðgun sem ekki gat verið til komin með öðrum hætti en fyrir auðgunarbrot eða annað hegningarálagabrot.

Röksemadir fyrir II. kafla ákæru:

1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna skipulögðu og framkvæmdu verknaðinn í sameiningu en þátttaka þeirra í framkvæmdinni var verkskipt. Ákærði Magnús veitti liðsinni sitt og átti þátt í framkvæmdinni. Ákærða Guðný Arna léti framkvæma millifærslu fjármunanna frá Kaupþingi hf. að undirlagi ákærðu Hreiðars Más og Magnúsar. Ákærði Skúli var eigandi Marple, sem tók við ávinningsi brotsins og auðgaðist á ólögmætan hátt á kostnað Kaupþings hf.

Ákærða Guðný Arna gaf, samkvæmt beiðni ákærða Hreiðars Más, starfsmanni í bakvinnslu Kaupþings hf. fyrirmæli um að láta millifæra 3.080.250.000 krónur af reikningi Kaupþings hf. nr. 300-26-1010 og inn á reikning Kaupþings Lúxemborg nr. 329-26-454080, sem var vörlureikningur hjá Arion verðbréfavörslu hf., dótturfélagi Kaupþings hf., eftir að hafa leitað staðfestingar hjá ákærða Magnúsi. Annar starfsmaður Kaupþings hf. framkvæmdi millifærsluna sama dag með skýringunni „Skv. samningi, c/o Guðný Arna Sveinsdóttir“.

Starfsmaður Kaupþings Lúxemborg, sem leitaði skýringa á fjárhæðinni á reikningi Kaupþings Lúxemborg hjá Arion verðbréfavörslu, fékk þau svör þar að samkvæmt upplýsingum frá ákærðu Guðnýju Örnú hefði ákærði Magnús allar upplýsingar um samninginn. Er leitað var upplýsinga hjá ákærða Magnúsi þá vísaði hann á viðskiptastjóra ákærða Skúla, hjá Kaupþingi Lúxemborg. Þegar viðskiptastjórinn var í tölvupósti 1. júlí 2008 krafinn, af samstarfsmanni sínum, um upplýsingar um uppruna fjárlins, bankareikning viðskiptavinarins og fjárhæðina sem ætti að millifæra á viðskiptavininn, svaraði hann á þá leið að um væri að ræða lán til Marple Holding, með reikning 400.637.0. Viðskiptastjórinn fékk síðar þær upplýsingar frá ákærða Magnúsi að fjárhæðin væri til komin vegna framvirks samnings.

Ákærði Magnús hafði umsjón með Marple og tók viðskiptalegar ákvarðanir fyrir hönd félagsins. Ákærði Magnús var nauðsynlegur hlekkur í því að fjármunir voru færðir frá Kaupþingi hf. til Marple.

Tvö skjöl, dagsett 23. maí 2008 og undirrituð af ákærðu Hreiðari Má og Magnúsi en vottuð af ákærðu Guðnýju Örnú með skráðan undirritunarstað í Reykjavík, fundust við

rannsókn málsins í gögnum Marple hjá Kaupþingi Lúxemborg. Skjölunum virðist hafa verið ætlað að skýra tilurð 3.080.250.000 króna greiðslu Kaupþings hf. til Marple. Í þeim kemur fram að Kaupþing hf. og Kaupþing Lúxemborg hafi átt framvirk gjaldmiðlaviðskipti og handskrifað er inn á skjölin „Marple“. Engin sambærileg gögn hafa fundist hjá Kaupþingi hf. og engin önnur merki þess að slík viðskipti hafi í raun átt sér stað.

Skjölin eru tvær staðfestingar á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum og uppgjör á þeim viðskiptum. Í báðum staðfestingunum og uppgjörsblaði er að finna villur í útreikningum vegna viðskiptanna. Þannig er sú villa í meintu uppgjöri á framvirkri sölu Marple á krónum fyrir evrur að samkvæmt gefnum forsendum hefði útkoman ekki átt að vera 959.250.000 krónur heldur 959.200.000 krónur eða 50.000 krónum lægri. Einnig er um að ræða innbyrðis ósamræmi milli staðfestinganna og uppgjörsins hvað varðar gengi það sem miðað er við í útreikningunum. Þetta tölulega ósamræmi rennir stoðum undir það að viðskiptin hafi ekki átt sér stað heldur hafi skjalið verið útbúið eftir á og verið ætlað að skapa þá tiltrú að um raunveruleg viðskipti hafi verið að ræða. Þannig hafi með útreikningunum verið ætlunin að ná fram sömu niðurstöðutölu og fjárhæð millifærslunnar en ekki hafi tekist að fá útreiknaða niðurstöðu til að stemma við fjárhæð millifærslunnar.

Samningur af þessari stærðargráðu hefði átt að koma fram í kerfum Kaupþings hf. á þeim tíma sem hann átti að hafa verið gerður en engin ummerki eða vísbendingar um slíkan samning hafa fundist við rannsókn málsins. Af hálfu Kaupþings hf. hefur verið staðfest, að undangenginni ítarlegri leit, m.a. í þeim viðskiptakerfum sem geyma hefðu átt upplýsingar um slíkan samning, að engin ummerki finnist um að slíkur samningur hafi verið gerður.

Til þess að geta gert framvirkan gjaldmiðlaskiptasamning við Kaupþing hf. að þeirri fjárhæð sem hin síðar tilbúnu skjöl um staðfestingu og uppgjör á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum vísa til hefði, skv. lið 3.3.6.2 í reglugóðum Kaupþings hf., þurft að leggja fram tryggingar að andvirði rúmlega 2,5 milljarða króna. Engin gögn hafa fundist sem benda til þess að Marple hafi lagt fram tryggingar vegna slíks samnings við Kaupþing hf. Samkvæmt lánasamningi Marple voru allar eignir félagsins veðsettar Kaupþingi Lúxemborg og eiginfjárstaða félagsins var á þessum tíma neikvæð um 2,2 milljarða króna. Á þeim tíma sem gjaldmiðlaskiptasamningurinn á að hafa verið gerður var fjárhagsstaða Marple slík að félagið hefði engan veginn getað staðið undir þeim skuldbindingum sem ætla mætti að gætu hlotist af framvirku gjaldmiðlaviðskiptunum.

Form og efni staðfestingarblaða og uppgjörsblaðs sem fundust í gögnum Marple, villur og ósamræmi í útreikningum í þeim gögnum og sú staðreynd að Marple lagði ekki fram neinar tryggingar vegna hins meinta samnings styðja enn frekar að þessi gögn séu tilbúningur.

Ákærða Guðný Arna gaf fyrirmæli um hvernig þessi rúmlega þriggja milljarða millifærsla skyldi bókuð í bókhaldi Kaupþings hf. og byggðist bókun millifærslunnar eingöngu á fyrirmælum ákærðu en engum fylgiskjölum sem rennir frekari stoðum undir að millifærslan hafi ekkert haft með raunveruleg gjaldmiðlaviðskipti að gera.

Ákærði Skúli Þorvaldsson var sem fyrr segir eigandi félagsins Marple og tók við ávinningi brotsins og auðgaðist á ólögmætan hátt á kostnað Kaupþings hf. Hlaut honum að vera ljóst að Marple ætti ekki lögmætt tilkall til fjármunanna og að þeir væru ávinningur auðgunarbrots eða annars hegningarlagabrots.

2 Um heimfærslu til refsákvæða

Að því er varðar vörlur ákærðu Hreiðars Más og Guðnýjar Örnu á fjármunum Kaupþings hf. og hlutdeild ákærða Magnúsar í brotinu vísast til sömu atriða og rakin eru í umfjöllun um færsluna 19. desember 2007 í röksemdu með I. kafla ákærunnar, hér að framan.

Uppgjörsskjalið var efnislega rangt og hreinn tilbúningur og útbúið eftir á til að leyna raunverulegum tilgangi fjármunafærslunnar. Sú staðreynd að engin ytri eða innri fylgiskjöl fylgdu færslunni í bókhaldi Kaupþings hf., styður enn fremur að enginn viðskiptalegur grundvöllur hafi verið að baki færslunni og að uppgjörsskjalið sem fannst meðal gagna Marple hafi haft þann eina tilgang að leyna auðgunarbroti ákærðu.

Ásetningur ákærðu náði til allra þátta verknaðarlýsingar fjárdráttarbrots. Engin raunveruleg viðskipti lágu að baki fjármunafærslunni frá Kaupþingi hf. og ákærðu bjuggu þannig um hnútana að ekki var gert ráð fyrir endurheimtu fjárins. Ákærðu Hreiðari Má, Guðnýju Örnu og Magnúsi var því, eða hlaut að vera, ljóst á verknaðarstundu að um ólögmæta fjármunayfirlæsingar væri að ræða sem hefði í för með sér fjártjón fyrir bankann og auðgun fyrir Marple og ákærða Skúla, eiganda félagsins. Var því um auðgunarásetning að ræða af þeirra hálfu.

Að öðru leyti vísast til sömu atriða varðandi heimfærslu til refsákvæða og í röksemdu varðandi I. kafla ákæru hér að framan.

3 Um önnur atriði.

Hvað varðar varakröfu á hendur ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnu um umboðssvik og ákærða Magnúsi um hlutdeild í umboðssvikum, þrautavara- og þrautaþrautavarakröfu á hendur ákærða Magnúsi um hylmingu og peningaþvætti og um kröfur á hendur ákærða Skúla vísast til röksemda með I. kafla ákærunnar, hér að framan, að breyttu breytanda.

Röksemadir fyrir III. kafla ákæru:

Ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnu eru gefin að sök umboðssvik er þau í sameiningu létu Kaupþing hf. kaupa rafræn skuldabréf útgefin af Kaupþingi hf. í sjö skuldabréfaflokum af félaginu Marple 20. maí 2008, en með uppgjörsdag 21. maí 2008. Ákærða Magnúsi er aðallega gefin að sök hlutdeild í umboðssvikum. Ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna létu Kaupþing hf. kaupa skuldabréfin af Marple, fyrir milligöngu ákærða Magnúsar hjá Kaupþingi Lúxemborg, langt yfir markaðsverði, þ.e., á nafnverði að viðbættri fjárhæð sem nam áföllnum en ógreiddum vöxtum, enda þótt umrædd bréf hefðu allt árið 2008 gengið kaupum og sölum á markaði með verulegum afföllum. Kaupverð skuldabréfanna var jafnframt mun hærra en það verð sem ákærði Magnús hafði, í samráði við ákærða Hreiðar Már, látið Kaupþing Lúxemborg greiða fyrir þessi sömu bréf í viðskiptum á markaði í apríl og maí 2008 en ákærði Magnús hafði síðan látið Marple kaupa þessi sömu bréf af Kaupþingi Lúxemborg á tímabilinu 16. apríl til 20. maí 2008, að stærstum hluta 20. maí, á sama verði og Kaupþing Lúxemborg hafði greitt fyrir þau. Ákærðu sáu til þess að sá mismunur sem myndaðist á kaupverði skuldabréfanna á markaði og söluverðinu til Kaupþings hf. yrði eftir hjá Marple en þessi mismunur nam 2.071.868.691 krónu, miðað við gengi þeirra gjaldmiðla sem umrædd skuldabréf voru gefin út í, á kaupdegi skuldabréfanna 20. maí 2008. Með háttseminni ollu ákærðu Kaupþingi hf. fjártjóni á bilinu 1,8-2,1 milljarðs

króna, allt eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar útreikningum á tjóninu. Ákærða Skúla er gefin að sök hylming, en til vara peningaþvætti, en ávinnungur af auðgunarbrotinu var færður til Marple, félags í hans eigu.

1. Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna skipulögðu og framkvæmdu umboðssvikin í sameiningu, með liðsinni ákærða Magnúsar, öll með fulltingi undirmanna sinna, í þeim eina tilgangi að fára fjármuni frá Kaupþingi hf. til Marple þannig að Marple auðgaðist á kostnað Kaupþings hf. Með ákvörðun ákærða Hreiðars Más, sem hann tók í samráði við ákærða Magnús, um að láta Kaupþing hf. kaupa umrædd skuldabréf af Marple langt yfir markaðsverði 20. maí 2008 og jafnframt því verði sem Kaupþing Lúxemborg hafði greitt fyrir þau og framkvæmd ákærðu Guðnýjar Örnú á þeirri ákvörðun, misnotuðu þau Hreiðar Már og Guðný Arna þá aðstöðu sem þau höfðu til að skuldbinda Kaupþing hf. og ollu bankanum umtalsverðu tjóni. Með því að leggja á ráðin um brotið og gera framkvæmd þess mögulega, með fyrirmælum til undirmanna sinna um kaup á skuldabréfunum, sölu þeirra til Marple og síðan til Kaupþings hf., svo og með ráðstöfun á ágóðanum af brotinu til Marple, gerðist ákærði Magnús hlutdeildarmaður í umboðssvikabrotinu. Ákærði Skúli var eigandi þess félags sem tók við ávinnungi brotsins og auðgaðist á ólögmætan hátt á kostnað Kaupþings hf.

Ákærðu Magnús og Hreiðar Már voru í tölvupóstsamskiptum frá því um miðjan apríl 2008 um kaup Kaupþings Lúxemborg, fyrir Kaupþing hf., á skuldabréfum útgefnum af Kaupþingi hf. Um miðjan apríl 2008 sendi ákærði Magnús ákærða Hreiðari Má tölvupóst með yfirliti yfir skuldabréf útgefin af Kaupþingi hf., sem Kaupþing Lúxemborg hafði keypt, og það verð sem greitt hafði verið fyrir skuldabréfin. Þessi skuldabréf voru hluti af þeim skuldabréfum sem Kaupþing Lúxemborg seldi síðar féluginu Marple og Kaupþing hf. keypti að lokum. Í tölvupóstinum kom jafnframt fram útreiknaður hagnaður vegna viðskiptanna. Frá upphafi skipulögðu ákærðu Hreiðar Már og Magnús viðskiptin þannig að Kaupþing hf. yrði hinn endanlegi kaupandi skuldabréfanna og viðskiptin yrðu þannig án áhættu fyrir Kaupþing Lúxemborg. Með því að láta Kaupþing hf. kaupa skuldabréfin langt yfir markaðsverði af Marple í stað þess að Kaupþing hf. fengi bréfin á markaðsverði frá Kaupþingi Lúxemborg færðu ákærðu Marple óréttmætan ávining.

Ákærði Magnús lét sjálfur framkvæma þann hluta viðskiptanna sem fór fram hjá Kaupþingi Lúxemborg, þ.e. hann gaf undirmönnum sínum fyrirmæli um að Kaupþing Lúxemborg seldi féluginu Marple skuldabréfin á tímabilinu 16. apríl til 20. maí 2008, að stærstum hluta 20. maí 2008, á sama verði og Kaupþing Lúxemborg hafði greitt fyrir bréfin á markaði í apríl og maí 2008. Kaupverð Kaupþings Lúxemborg var langt undir nafnverði skuldabréfanna og þau þannig keypt með verulegum afföllum. Ákærði Magnús sendi ákærða Hreiðari Má tölvupóst 15. maí 2008 með yfirskriftinni „confirmations“ og textanum „Getur þú komið þessu í farveg“. Í viðhengi voru átta kaupnótur, dagsettar 15. maí 2008, vegna kaupa Kaupþings hf. á skuldabréfum útgefnum af Kaupþingi hf. á nafnvirði að viðbættum vöxtum. Ekki kom fram á kaupnótunum hver seljandinn var. Af þessum átta kaupnótum varða fimm sömu viðskipti og endanlega gengu í gegn en ekki er ákært vegna einna viðskiptanna sem gengu til baka 26. júní 2008 og voru með skuldabréf í íslenskum krónum. Hvað varðar tvær kaupnótur var magni keypta skuldabréfa í viðkomandi skuldabréfaflokki breytt, í öðru tilviki til lækknunar en í hinu til hækknar og nýjar kaupnótur útbúnar 20. maí 2008. Ákærði Hreiðar Már áfram sendi umræddan tölvupóst til ákærðu Guðnýjar Örnú, ásamt

kaupnótunum, og sagði: „Meðfylgjandi er staðfesting á viðskiptum sem ég hefði viljað keyra núna í vikunni sem er kaup á eigin skuldabréfum Kaupþings sem Kaupþing í Lúxemborg er búið að vera að safna á undansförnum vikum“. Í póstínum bað hann hana jafnframt um að hafa samband við ákærða Magnús til að tryggja að viðskiptin gengju snurðulaust fyrir sig. Ákærða Guðný Arna svaraði ákærða Hreiðari Má sama dag að hún myndi gera það.

Ákærði Magnús sendi fyrnefndar kaupnótur sem viðhengi með tölvupósti til starfsmanns síns 19. maí 2008 en þar kom fram að hann ætlaði að selja hlutabréfin (sic) til Íslands í gegnum þurfandi viðskiptavin og bað hann um að senda ákærðu Guðnýju Örnu greiðslufyrirmæli. Umræddur starfsmaður framsendi ákærðu Guðnýju Örnu tölvupóst ákærða Magnúsar snemma að morgni 20. maí 2008 með sömu kaupnótum í viðhengi en í tölvupóstinum voru auk þess nákvæm greiðslufyrirmæli varðandi hvern skuldabréfaflokk. Um hádegisbil 20. maí 2008 sendi sami starfsmaður Kaupþings Lúxemborg ákærðu Guðnýju Örnu tölvupóst um breytingu á viðskiptunum en þar kom fram að fjárhæðum kaupa á tveimur skuldabréfaflokkum hefði verið breytt. Í viðhengi voru tvær nýjar kaupnótur í samræmi við þessi breyttu viðskipti en viðskiptadegi á hinum hafði verið breytt í 20. maí 2008, en þær voru að öðru leyti óbreyttar. Ákærða Guðný Arna gaf fyrirmæli um að viðskiptin yrðu skráð inn á svokallað yfirstjórnarsafn, hlutaðist til um að bréfin yrðu greidd og hafði vitneskju um að uppgjörið færí fram í gegnum Arion verðbréfavörslu. Viðskiptin með skuldabréf í umræddum skuldabréfaflokkum voru gerð upp 21. maí 2008 fyrir milligöngu Arion verðbréfavörslu og skuldabréfin færð inn á svokallað yfirstjórnarsafn hjá Kaupþingi hf, sem ákærði Hreiðar Már hafði umsjón með.

Kaupverð skuldabréfanna var fært inn á viðskiptareikning Marple hjá Kaupþingi Lúxemborg með gildisdegi 20. maí 2008, að frádregnum 0,2% kostnaði Kaupþings Lúxemborg.

2. Um heimfærslu til refsiákvæða

2.1 Umboðssvik

Af orðalagi umboðssvikaákvæðisins sem og dómaframkvæmd er ljóst að háttsemi þarf að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði til þess að um umboðssvik teljist vera að ræða. Gerandi þarf að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, hann þarf að misnota aðstöðu sína og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér fjártjón eða a.m.k. verulega fjártjónshættu.

2.2 Aðstaða

Ákærði Hreiðar Már var í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing hf. enda gegndi hann stöðu forstjóra Kaupþings hf. og gat þannig skuldbundið félagið, sbr. 2. mgr. 22. gr. samþykkta fyrir Kaupþing hf., svo og 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga um hlutafélog, nr. 2/1995. Notfærði ákærði Hreiðar Már sér þessa aðstöðu þegar hann létt Kaupþing hf. kaupa skuldabréf af félaginu Marple, 20. maí 2008 en með uppgjörsdag 21. maí 2008, á verði sem var mun hærra en það sem Kaupþing hf. hefði þurft að greiða fyrir skuldabréfin á markaði.

Ákærða Guðný Arna var einnig í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing hf. enda gegndi hún stöðu fjármálastjóra Kaupþings hf. og var í aðstöðu til að gefa starfsmönnum bankans fyrirmæli um viðskipti og útgreiðslur út úr bankanum. Nýtti hún sér þessa

aðstöðu til að sjá til þess að viðskiptin yrðu að veruleika að beiðni ákærða Hreiðars MÁS.

Fyrir liggja gögn um að ákærðu Magnús og Hreiðar Már hafi skipulagt viðskiptin í sameiningu. Þótt ákærði Magnús hafi ekki verið í aðstöðu til að skuldbinda Kaupþing hf. átti hann engu að síður veigamikinn þátt í umboðssvikum ákærðu Hreiðars MÁS og Guðnýjar Örnu og líta ber á hann sem hlutdeildarmann þeirra í umboðssvikunum.

2.3 Misnotkun á aðstöðu

Með framangreindri háttsemi, sem fóld meðal annars í sér að Marple, sem var algerlega óþarfur milliliður í kaupum Kaupþings hf. á eigin skuldabréfum var látið hagnast um rúma two milljarða króna á kostnað Kaupþings hf., brutu ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna gróflega gegn banni 76. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 við ráðstöfunum sem eru fallnar til þess að afla öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað félagsins. Auk þess brutu ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna gegn trúnaðarskyldum sínum gagnvart Kaupþingi hf. Þannig misnotuðu þau aðstöðu sína hjá Kaupþingi hf. og ollu bankanum stórfelldu tjóni. Ákærði Magnús var hlutdeildarmaður í umboðssvikabrotinu og nauðsynlegur hlekkur í framkvæmd þess.

2.4 Auðgunarásetningur

Ákærðu Hreiðari MÁS, Guðnýju Örnu og Magnúsi hlaut að vera ljóst að sá gjörningur að kaupa skuldabréf útgefin af Kaupþingi hf. á nafnvírði, að viðbættum vöxtum, fæli í sér að Kaupþing hf. væri að greiða miklu hærra verð en markaðsverð fyrir umrædd skuldabréf enda gengu skuldabréf bankans á þessum tíma kaupum og sölum á markaði með verulegum afföllum. Viðskiptalegar forsendur hefðu getað legið að baki kaupum Kaupþings hf. á eigin skuldabréfum á afföllum en engin lögmæt viðskiptaleg rök voru hins vegar fyrir því að kaupa bréfin á nafnverði auk áfallinna vaxta. Ákærðu var ljóst að ekki var verið að kaupa skuldabréfin af Kaupþingi Lúxemborg og að háttsemi heirra hefði í för með sér stórfellda og ólögmæta auðgun viðskiptavinar Kaupþings Lúxemborg á kostnað Kaupþings hf.

Ákærði Skúli Þorvaldsson var sem fyrr segir eigandi félagsins Marple en ávinnungur brotsins var færður inn á viðskiptareikning félagsins hjá Kaupþingi Lúxemborg og auðgaðist Marple, og þar með ákærði Skúli, á ólögmætan hátt á kostnað Kaupþings hf. Hlaut honum að vera ljóst að viðskiptin, sem skiluðu Marple gríðarlegum hagnaði án nokkurrar áhættu, hefðu falið í sér ólögmæta auðgun sem ekki gat verið til komin með öðrum hætti en fyrir auðgunarbrot eða annað hegningarálagabrot.

2.5 Tjón Kaupþings hf. / Ávinnungur Marple

Ljóst er að Marple auðgaðist verulega á umræddri háttsemi ákærðu án þess að taka nokkra áhættu en Kaupþing hf. varð fyrir tjóni að sama skapi.

Þar sem kaup Kaupþings Lúxemborg á skuldabréfunum, salan til Marple og síðan áfram til Kaupþings hf. fór ekki fram á einum og sama deginum og markaðsverð umræddra skuldabréfa tók nokkrum breytingum frá degi til dags má komast að fleiri en einni niðurstöðu um ágóða Marple og tjón Kaupþings hf. af viðskiptunum. Hvernig sem reiknað er var þessi auðgun og tjón yfir 1,8 milljörðum króna.

Við rannsókn málsins kom fram að Kaupþing Lúxemborg hafi keypt skuldabréfin á afföllum í þágu Kaupþings hf. en samkvæmt því hefði Kaupþing hf. með réttu átt að

njóta þess verðs sem Kaupþing Lúxemborg keypti skuldabréfin á. Í stað þess voru skuldabréfin hins vegar seld, að mestu leyti samdægurs, frá Kaupþingi Lúxemborg til Marple og þaðan til Kaupþings hf. en með þessum millileik var færður til Marple óréttmætur hagnaður sem nam mismuninum á því verði sem Kaupþing hf. greiddi Marple fyrir skuldabréfin 20. maí 2008 og því verði sem ákærði Magnús lét Marple greiða Kaupþingi Lúxemborg fyrir skuldabréfin á tímabilinu 16. apríl til 20. maí 2008, að teknu tilliti til 0,2% kostnaðar Kaupþings Lúxemborg sem dreginn var frá. Samkvæmt þessum forsendum nam óréttmæt auðgun Marple 15.648.351 evrum, eða 1.808.792.870 krónum miðað við gengið 115,59 sem var miðgengi evru 20. maí 2008, og 3.563.747 USD, eða 263.075.821 krónum miðað við gengið 73,82 sem var miðgengi USD 20. maí 2008, eða samtals 2.071.868.691 krónu eins og sundurliðað er nánar eftir skuldabréfaflokkum í eftirfarandi töflu. Þetta var sú auðgun sem eftir sat á reikningum Marple.

Skuldabréfa-flokkar	Nafnverð	Kaupverð Kaupþ. hf.	Vaxtahluti Kaupverðs Kaupþ. hf.	Kaupverð Marple	Gengi 20/5 2008	Markaðsv m.v. gengi 20/5 2008 auk vaxta	Mismunur kaupverðs Kaupþ. hf. og Marple	Mismunur kaupverðs Kaupþ. hf. og markaðsverðs 20/5 2008
í EUR								
XS0194859277	29.334.000	30.875.819	1.541.819	19.535.138	0,70096	22.103.897	11.340.681	8.771.922
XS0219823266	7.500.000	7.581.037	81.037	6.629.480	0,88752	6.737.422	951.557	843.615
XS0226781242	13.500.000	13.503.795	3.795	10.778.058	0,8352	11.278.995	2.725.737	2.224.800
XS0283601341	5.500.000	5.521.945	21.945	4.776.604	0,82297	4.548.264	745.341	973.682
Samtals í EUR	55.834.000	57.482.596	1.648.596	41.719.280		44.668.577	15.763.316	12.814.019
Samtals - 0,2%							15.648.351	12.699.053
kr. 20/5 115,59	6.453.852.060	6.644.413.272	190.561.212	4.822.331.575		5.163.240.870	1.822.081.696	1.481.172.401
Samtals í ISK - 0,2%							1.808.792.870	1.467.883.575
í USD								
US48632GAA76	14.347.000	14.454.702	107.702	13.094.201	0,82375	11.926.043	1.360.501	2.528.659
US48632GAC33	26.700.000	26.791.131	91.131	24.802.091	0,91437	24.504.810	1.989.040	2.286.321
XS0206352824	4.104.000	4.133.050	29.050	3.828.086	0,92	3.804.730	304.964	328.320
Samtals í USD	45.151.000	45.378.883	227.883	41.724.378		40.235.583	3.654.505	5.143.300
Samtals - 0,2%							3.563.747	5.052.542
kr. 20/5 73,82	3.333.046.820	3.349.869.143	16.822.323	3.080.093.584		2.970.190.756	269.775.559	379.678.388
í ISK - 0,2%							263.075.821	372.978.649
Samtals í ISK	9.786.898.880	9.994.282.415		7.902.425.159		8.133.431.626	2.091.857.256	1.860.850.789
Samtals - 0,2%							2.071.868.691	1.840.862.224

Þar sem gengi skuldabréfa í umræddum sjö skuldabréfaflokkum tók nokkrum breytingum frá því að Kaupþing Lúxemborg keypti skuldabréfin og þar til gengið var frá sölu þeirra frá Marple til Kaupþings hf. 20. maí 2008 er ekki sjálfgefið að líta svo á að auðgun Marple samsvari tjóni Kaupþings hf. vegna viðskiptanna, sérstaklega þar sem ákærðu eiga að njóta vafans um það hvenær ákvörðun um að láta Marple auðgast á kostnað Kaupþings hf. var tekin. Við útreikninga á tjóni Kaupþings hf. er þannig gengið út frá því að Kaupþing Lúxemborg eða eftir atvikum Marple hefði getað átt rétt á að njóta verðbreytinga á skuldabréfunum frá kaupum Kaupþings Lúxemborg fram til 20. maí 2008. Samkvæmt þessum forsendum nemur tjón Kaupþings hf. af háttsemi ákærðu að lágmarki mismuninum á því verði sem Kaupþing hf. greiddi fyrir

skuldabréfin og markaðsverði þeirra 20. maí 2008, þegar ákærðu framkvæmu viðskiptin enda verður að miða við að Kaupþing hf. hafi átt þess kost að kaupa sambærileg skuldabréf á markaðsverði, þ.e. með verulegum afföllum á þessum tíma. Útreikningar á tjóni Kaupþings hf. í töflunni hér að framan eru miðaðir við þessar forsendur og bestu fáanlegar upplýsingar um markaðsverð á umræddum skuldabréfum 20. maí 2008. Þannig er gengi skuldabréfa í sex skuldabréfaflokkum af sjö sótt í upplýsingar frá Bloomberg sem fundust við húsleit hjá Kaupþingi Lúxemborg en í þeim sjóunda, þ.e. flokki XS0206352824, er miðað við hæsta gengi sem Kaupþing hf. greiddi fyrir skuldabréf í þeim flokki á árinu 2008. Í öllum tilvikum er þess gætt að ákærðu njóti vafa í útreikningum. Þannig er áföllnum en ógreiddum vöxtum í öllum tilvikum bætt við markaðsverð samkvæmt framangreindu gengi og fjárhæð sem nemur 0,2% kostnaði dregin frá útreiknuðu tjóni Kaupþings hf. til samræmis við það sem gert var þegar skuldabréfin voru sold frá Marple til Kaupþings hf.

Samkvæmt þessum forsendum var mismunurinn á kaupverði Kaupþings hf. á skuldabréfum í þessum flokkum frá Marple 20. maí 2008 og markaðsverði skuldabréfanna á þeim tíma, að teknu tilliti til 0,2% kostnaðar, 1.840.862.224 krónur miðað við framangreint miðgengi evru og Bandaríkjadals 20. maí 2008, sbr. útreikninga í framangreindri töflu.

Samkvæmt framansögðu er í ljós leitt að óréttmæt auðgun Marple og tjóni Kaupþings hf. var stórfellt án tillits til þess hvaða forsendur eða reikningsaðferðir eru valdar til að reikna það tjón eða hvaða útkoma fæst nákvæmlega úr þeim útreikningum. Kaupþing hf. hefur ekki fengið þetta fjártjón bætt með neinum hætti.

Brot ákærðu samkvæmt köflum I, II og III teljast stórfelld á alla mælikvarða.

Um upptökukröfu

Lögregluyfirvöld í Lúxemborg sendu íslenskum lögregluyfirvöldum peningaþvættistilkynningar, dagsettar 14. og 15. apríl 2011, um að „frystar“, þ.e. kyrissettar hefðu verið tímabundið innstæður og verðbréfasöfn ákærða Skúla og tiltekinna félaga í hans eigu í tveimur bönkum í Lúxemborg. Í framhaldi af því sendi embætti sérstaks saksóknara réttarbeiðni til yfirvalda í Lúxemborg, dagsetta 16. maí 2011, þar sem óskað var eftir kyrersetningu eða halldlagningu meðal annars á verðmætum sem „fryst“ höfðu verið í Credit Suisse Luxembourg S.A., þ.e. á reikningum Skúla Þorvaldssonar, Legatum Limited, BM Trust S.A. SPF, Holt Holding S.A. og SKLux S.A. og á reikningi Marple Holding S.A. í Banque Havilland S.A.

Rannsóknardómari í Lúxemborg úrskurðaði um leit og halldlagningu (á frönsku la saisie) í bönkunum, 26. maí 2011. Sú tryggingarráðstöfun sem fram fór samkvæmt lögum í Lúxemborg samsvarar fremur kyrersetningu en halldlagningu samkvæmt íslenskum lögum. Úrskurðum rannsóknardómáran var framfylgt af hálfu lögreglunnar í Lúxemborg 3. júní 2011. Samkvæmt lögregluskýrslu voru tryggingarráðstafanir meðal annars framkvæmdar í eftifarandi verðmætum:

Í Havilland banka:

1. Einn reikningur félagsins Marple Holding S.A., grunnreikningur 400637.
 - a. Verðbréf:
 - Infrastructure India Plc Call Warrant (fjöldi: 1.420.000, síðasta þekkta gengi fyrir gjaldþrotaskiptameðferð: 0,0925 pund að markaðsvirði

131.350 pund alls, sem jafngildir 148.317,52 evrum sem er gjaldmiðill reikningsins;

b. Fjárfestingarsjóður:

Infrastructure India Fund Plc (fjöldi: 7.100.000, síðasta þekkta gengi fyrir gjaldþrotaskiptameðferð: 0,8250 pund að markaðsvirði 5.857.500,00 pund, sem jafngildir 6.614.159,89 evrum).

c. Hlaupareikningur með 776,03 evru inneign.

Samtals var lagt hald á 6.763.253,44 evrur á þessum reikningi að þávirði.

Í Credit Suisse:

1. Reikningur í nafni Skúla Þorvaldssonar nr. 0947-693105-2 (81636) ásamt undirreikningum, með innstæðu sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 228.726 evrur:
 - a. 218.802,85 evrur
 - b. 2.278.593 krónur á hlaupareikningi.
2. Reikningur félagsins Legatum Ltd nr. 0947-211345-2 (81814) ásamt undirreikningum, með innstæðu í reiðufé (hlaupareikningur), sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 2.920.470 evrum, sem skiptist svo:
 - a. 1.917.658,98 evrur
 - b. 33.017,88 Bandaríkjadalir
 - c. 72.666,85 pund
 - d. 200.623.000 krónur
 - e. 3.891.382,33 danskar krónur og verðbréfareikningur með innstæðu sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 19.333.006 evrur. Samtals: 22.253.476 evrur.
3. Reikningur félagsins BM Trust S.A. SPF nr. 0947-579598-8 (81659) ásamt undirreikningum, með innstæðu í reiðufé (hlaupareikningur) sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 1.010.118 evrum, sem skiptist svo:
 - a. 360.170,30 evrur
 - b. 6.418,10 Bandaríkjadalir
 - c. 587.172,64 norskar krónur
 - d. 68.698.087 krónur
 - e. 11,6 pund
 - f. 4.066.703,43 danskar krónur
 - g. 278,35 ástralskir dalir verðbréfareikningur með innstæðu sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 12.899.343 evrur. Samtals: 13.909.461 evra.
4. Reikningur félagsins Holt Holding S.A. nr. 0947-512821-3 (81643) ásamt undirreikningum, með innstæðu í reiðufé (hlaupareikningur) sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 335.351 evru, sem skiptist svo:
 - a. 335.303,55 evrur
 - b. 5,33 norskar krónur
 - c. 12.503 krónur og verðbréfareikning með innstæðu sem metin er daginn sem haldragning fór fram á 810.627 evrur. Samtals: 1.145.978 evrur.
5. Reikningur félagsins SKLux S.A. nr. 0947-479162-8 (81590) ásamt undirreikningum, með innstæðu í reiðufé (hlaupareikningur) sem metin var daginn sem haldragning fór fram á 9.501 evru, sem skiptist svo:

- a. 4.692,14 evrur og
- b. 4.251,06 pund.

Á grundvelli beiðni ákærða Skúla óskaði embætti sérstaks saksóknara eftir því að rannsóknardómari í Lúxemborg veitti honum heimild til að eiga viðskipti með haldlögð eignasöfn í Credit Suisse í þeim tilgangi að vernda og viðhalda verðmæti eignasafnanna. Var sú heimild veitt í mars 2012 og síðan rýmkuð með tilteknum skilyrðum í júlí 2012 með því skilyrði að það raskaði ekki gildi tryggingarráðstöfunarinnar. Ákærði Skúli nýtti sér þessar heimildir og hefur því samsetning eignasafnanna breyst frá þeim tíma.

Ákærði Skúli hefur sent embætti sérstaks saksóknara yfirlit frá Credit Suisse um stöðu eignasafnsins. Nýjustu upplýsingar sem embætti sérstaks saksóknara hefur um stöðu á reikningunum eru frá 9. apríl 2014, nema hvað varðar stöðu á reikningi ákærða Skúla, en þær eru frá 7. maí 2013. Embætti sérstaks saksóknara hefur ekki aðrar upplýsingar um stöðuna á reikningi Marple en frá þeim degi sem tryggingarráðstöfunin fór fram, þ.e. 3. júní 2011. Um stöðu á reikningum ákærða Skúla og einstakra félaga vísast til upptökukröfunnar.

Upptökukrafan er byggð á núgildandi 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. laganna eins og ákvæðið var á þeim tíma sem háttsemin sem ákært er fyrir átti sér stað. Frá þeim tíma hafa upptökureglur laganna verið rýmkaðar að mun og rúmast upptökuregla 3. tl. 69 gr. eldri laga innan núgildandi ákvæðis.

Ákærði Skúli byggði um sig flókið félaganet í Lúxemborg og víðar. Ákærði Skúli var eigandi (e. beneficial owner) allra þeirra félaga sem krafist er upptöku á eignum hjá. Ávinnings brotanna sem ákært er fyrir var allur færður inn á reikning Marple. Upplýst er að hluti ávinnings brotanna var fluttur í ársbyrjun 2009 af reikningi Marple hjá Kaupþingi Lúxemborg inn á reikning SKLux en þaðan hafa síðan verið færðar verulegar fjárhæðir áfram inn á reikninga hinna félaganna sem krafist er upptöku hjá.

Unnt er að rekja slóð hluta af ávinnungi brotanna frá Marple til annarra félaga í eigu ákærða Skúla. Í þessum félögum voru halldlagðar eignir sem svara til hluta ávinnings af þeim brotum sem ákært er fyrir og er því óhjákvæmilegt að horft verði í gegnum félaganetið og hinrar haldlögðu eignir sem svara til ávinnings af brotunum verði gerðar upptækar á grundvelli lagheimilda um jafnvirðisupptöku.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,

Reykjavík, 26. júní 2014.


Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari

